



Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur Spretts 23. september 2025, fundur hófst kl 18:00.

Staður: Fundarherbergi Samskipahöllinni

Mættir eru: Jónína Björk Vilhjálmisdóttir, Sigrún Valþórsdóttir, Katla Gísladóttir (fór klukkan 18:40), Sigurbjörn Eiríksson, Haraldur Pétursson

Fjarverandi: Davíð Áskelsson, Lárus Sindri Lárusson

1. Mótamál

Sigríður Helga Sigurðardóttir og Arnhildur Halldórsdóttir mættu á fund stjórnar sem fulltrúar mótahalds til að ræða mótamál í Spretti almennt. Það eru nokkur atriði sem mótshaldarar eru að lenda stundum í vandræðum með sem snúa að umgjörð mótahalds.

Þær eru búnar að útbúa tékklista yfir þá hluti sem þarf að gera fyrir útimót og innimót sem ætti að auðvelda mótshöldurum vinnuna framvegis.

Rætt var um hvernig hægt væri að virkja keppendur betur til að aðstoða á mótum, það er oft vöntun á sjálfbóðaliðum til að standa hinar ýmsu vaktir sem mótahald krefst eins og ritarastörf, fótaskoðun og aðstoð í dómpalli svo eitthvað sé nefnt.

Jónína nefndi þörf á að endurvekja mótanefnd í félaginu, nefnd sem hefur yfirumsjón með mótum, fótaskoðun, dómaramálum og vera mótshöldurum innan handar ef þörf er á en á ekki að halda sjálf mótin. Ákveðið var að setja slíka nefnd á laggirnar.

Mjög gott spjall og fá þær Sigríður og Arnhildur bestu þakkir fyrir sitt innlegg.

2. Fundur með bæjarstjórum Garðarbæjar og Kópavogs

Fundurinn með bæjarstjórun gekk vel. Þeir sýndu áætlunum Spretts um áframhaldandi uppbyggingu svæðisins áhuga. Einnig óskuðu þeir eftir frekari upplýsingum barna- og unglingastarf Spretts. Frekari gögn verða send. Einnig er Sprettur meðm ósk um komast inn í fjárhagsáætlun bæjarfélaganna fyrir næstu ár.

3. Októberfest

Það er komin nefnd og undirbúningur gengur vel. Vonandi sjá sem flestir sér fært að mæta.

4. Sjálfbóðaliðar

Óskað var eftir sjálfbóðaliðum til starfa í nefndum félagsins og hafa nokkrir aðilar skráð sig á lista og fá þeir bestu þakkir fyrir. Haft veður samband við þessa aðila.

5. Starfsmannamál

Farið var yfir starfsmannamál.

6. Önnur mál

Sigurbjörn lagði til að stjórnin ætti að fá sér göngutúr um svæðið og taka saman atriði sem mætti ganga í að laga/framkvæma.

Fundi slitið kl. 19:30

Fundargerð ritaði Haraldur Pétursson